

Forvarnaráætlun

leikskóla í Laugardal og Háaleiti

2009



Forvarnaráætlun leikskóla í Laugardals- og Háaleitishverfi er nánari útfærsla á Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar frá árinu 2005 og tekur til leikskólabarna á aldrinum 0 – 5 ára.

Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar, frá árinu 2005, tekur til barna og ungmenna frá fæðingu til tvítugs, foreldra og allra sem að málefnum þeirra og uppeldi koma. Í forvarnarstefnunni er lögð áhersla á að forvarnir hefjist strax í barnæsku og að þær séu bæði heildstæðar og víðtækar. Forvarnarstefnan tekur annars vegar til almennra forvarna sem ná til allra barna og ungmenna og hins vegar til sértækra forvarna vegna einstaklinga og hópa sem eru í áhættu.

Leiðarljós Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar er:

„Að skapa öllum börnum og ungmennum uppeldisaðstæður og umhverfi sem eflir sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd, einkennist af samkennd og býr yfir viðeigandi stuðningsúrræðum þegar þörf krefur.“

Markmið almennra forvarna í Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar er:

„Að börn og ungmenni alist upp við góða andlega líðan, heilsu og jákvæða sjálfsmynd svo merkja megi mælanlegan árangur árið 2010“.

Markmið sértækra forvarna í Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar er:

„Að koma í veg fyrir og draga úr neikvæðri frávikshegðun barna og ungmenna, s.s. vímuefnaneyslu, reykingum, ofbeldi, afbrotum og öðru sem bregðast þarf sérstaklega við hverju sinni með það að leiðarljósi:

- **Að neysla vímuefna mælist ekki meðal grunnskólanema árið 2010**
- **Að dregið hafi úr neyslu allra vímuefna í framhaldsskólum árið 2010.**
- **Að börn alist upp án þess að verða fyrir ofbeldi og einelti árið 2010“.**

Í Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar eru sett fram markmið fyrir hvern aldurshóp og við gerð þeirrar áætlunar sem hér er sett fram er tekið mið af þeim ásamt því að litið var til Aðalnámskrár leikskóla, starfsáætlunar Leikskólasviðs og nýrra laga um leikskóla sem tóku gildi í júní 2008.

Frumberska 0 – 2 ára	Leikskólaaldur 2 – 5 ára
Markmið: <ul style="list-style-type: none">• Stuðla að auknu öryggi barna í frumbersku.• Styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu.• Leggja grunn að heilbrigðum lífsháttum barna.	Markmið: <ul style="list-style-type: none">• Að leggja grunn að jákvæðri sjálfsmynd barna.• Að styrkja félagsfærni barna.• Að börn tileinki sér heilbrigða lífshætti.

Velferðarsvið Reykjavíkur ber ábyrgð á að forvarnarstefna borgarinnar verði innleidd og er nánari útfærsla hennar í höndum þjónustumiðstöðva. Sú útfærsla sem hér er sett fram fyrir leikskólastarf er unnin af þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis í samstarfi leikskólaráðgjafa og leikskólastjóra í hverfinu. Hún er hugsuð sem grunnur eða rammi sem hver leikskóli útfærir síðan nánar og gerir að sinni í tengslum við eigin skólanámskrá.

Liður í forvarnaráætlun er að leikskólar vinni eftir siðareglum, áætlunum og reglum sem leikskólinn og Leikskólasvið hafa sett og ber að starfa eftir.

<i>Markmið</i>	<i>Að stuðla að auknu öryggi barna í frumbersku</i>
Börn	<ul style="list-style-type: none"> • Aðlögun er í upphafi leikskólagöngu í samstarfi við foreldra. • Umönnun, daglegar venjur og námsumhverfi tekur mið af þroska og þörfum barna í frumbersku. • Leikskólastarfið einkennist af virðingu, hlýju, umhyggju og faglegri umönnun. • Lögð er áhersla á nán tilfinningatengsl, jafnrétti, virðingu og trúnað á milli barna og starfsmanna. • Umhverfi og aðbúnaður er samkvæmt viðurkenndum stöðlum og öryggisatriði eru yfirfarin reglulega.
Foreldrar	<ul style="list-style-type: none"> • Kynning er á uppeldislegri sýn leikskólans, starfsháttum og starfsfólki við upphaf leikskólagöngu. • Aðlögun í upphafi leikskólagöngu þar sem foreldrar kynnast kennurum og starfsháttum leikskóla. • Lögð er áhersla á góð gagnkvæm samskipti, virðingu og trúnað á milli foreldra og starfsfólks. • Foreldrum er reglulega boðið upp á viðtöl og foreldrafundi • Foreldrum er boðið að taka þátt í ýmsum uppákomum og hátíðum í leikskólanum.
Kennarar	<ul style="list-style-type: none"> • Leitast er við að skapa starfsumhverfi sem stuðlar að starfsþróun og starfsánægju • Kennarar fá reglulega starfsviðtöl og starfþróunaráætlun er í leikskólanum. • Í leikskólanum starfa kennarar sem hafa þekkingu á slysavörnum. • Í leikskólanum er lögð áhersla á samvinnu og samráð kennara. • Áhersla er lögð á góð gagnkvæm samskipti, virðingu og trúnað á milli kennara og foreldra. • Kennarar hafa aðgang að verklagsreglum, sérfræðiþjónustu og ráðgjöf.
Sérstakar Áherslur leikskólans	<p>Foreldrar fá kynningarfund með leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjórum áður en barnið byrjar í leikskólanum. Þar er farið yfir helstu áherslur leikskólans, reglur og dagskipulagið. Eyðublöð útfyllt og fengnar helstu upplýsingar um barnið.</p> <p>Lóðin er daglega yfirfarin. Leikefnið er þrifið reglulega, lögð er áhersla á að dagleg þrif og umgengni allra séu í góðu lagið og okkur til sóma. Leikskólastjóri er öryggisvörður og vinnur náið með öryggistrúnaðarmanni leikskólans (aðstoðarleikskólastjóra). Rýmingaráætlun er til fyrir leikskólann og brunaæfingar haldnar reglulega.</p> <p>Allt starfsfólk leikskólans hefur sótt skyndihjálparnámskeið og verða slík námskeið haldin með reglulegu millibili fyrir starfsmenn.</p>

Frumbernska 0 – 2 ára

<i>Markmið</i>	<i>Að styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu.</i>
<i>Foreldrar</i>	<ul style="list-style-type: none">• Foreldrar eru upplýstir um áherslur og uppeldislega sýn leikskólans.• Foreldrar eiga greiðan aðgang að starfsfólki leikskólans.• Gagnkvæm upplýsingaskylda er á milli foreldra og kennara um líðan og nám sérhvers barns.• Boðið er upp á foreldraviðtöl að minnsta kosti tvisvar á ári.• Foreldrar fá tækifæri til að taka þátt í starfsemi leikskólans og ýmsum uppákomum og hátíðum í leikskólanum.• Foreldrum býðst þátttaka í foreldrafélagi leikskólans.• Við leikskólann er starfandi foreldraráð.
<i>Kennarar</i>	<ul style="list-style-type: none">• Í leikskólanum hefur verið mörkuð skýr uppeldissýn.• Kennarar fá reglulega starfsviðtöl og starfþróunaráætlun er í leikskólanum.• Í leikskólanum er lögð áhersla á samvinnu og samráð kennara.• Kennarar hafa aðgang að sérfræðiráðgjöf.• Gagnkvæmt upplýsingastreymi er á milli foreldra og starfsfólks um líðan og nám sérhvers barns.
<i>Sérstakar áherslur leikskólans</i>	<p>Á Holtaborg er lögð mikil áhersla á dagleg samskipti við foreldra. Boðið er uppá tvö foreldraviðtöl á ári auk þess sem foreldrum er alltaf velkomið að óska eftir viðtali.</p> <p>Foreldrafélag er starfrækt við skólann, það tekur virkan þátt í ýmsum uppákomum og ferðum á vegum leikskólans eins og t.d. opnu húsi, sveitaferð, sumarhátíð, jólaballi. Foreldrafulltrúar kynna sín störf og óska eftir nýjum fulltrúum og hugmyndum frá foreldrum á foreldrafundum að hausti.</p> <p>Foreldrum er boðið í aðventukaffi og einnig er boðið í pabbakaffi í tengslum við Bóndadag og mömmukaffi í tengslum við Konudag.</p> <p>Fréttir eru settar vikulega inn á heimasíðu leikskólans frá hverri deild ásamt ýmsum öðrum upplýsingum um starfið. Skóladagatal er einnig gefið út að hausti þar sem foreldrar geta séð alla helstu viðburði leikskólans yfir árið.</p>

Frumbernska 0 – 2 ára

<i>Markmið</i>	<i>Að leggja grunn að heilbrigðum lífsháttum barna.</i>
Börn	<ul style="list-style-type: none">• Í leikskólanum er farið eftir viðmiðum Lýðheilsustöðvar um neysluvenjur.• Börnin fá daglega hreyfingu úti og inni og þeim er séð fyrir hvíld og rólegum tíma yfir daginn.• Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði hvers barns og sjálfshjálp.• Lögð er áhersla á að börnin öðlist færni í samskiptum.• Hreinlæti og hreinlætisuppeldi er í hávegum haft.• Umhverfismennt/vernd er liður í starfi leikskólans.
Foreldrar	<ul style="list-style-type: none">• Foreldrar eiga greiðan aðgang að matseðlum og fá eftir þörfum upplýsingar um mataræði barna sinna.• Foreldrar eru börnum sínum fyrirmynd í öllum lífsháttum.
Kennarar	<ul style="list-style-type: none">• Starfsþróun kennara stuðlar að þekkingu og notkun viðurkenndra viðmiða um hollustu og hreinlæti.• Kennarar fá styrk til heilsuræktar.• Kennarar eru börnunum til fyrirmyndar í öllum lífsháttum.• Í leikskólanum er unnið samkvæmt hreinlætisáætlun Leikskólasviðs.
Sérstakar áherslur leikskólans	<p>Við gerð matseðla leikskólans er stuðst við handbók fyrir leikskólaeldhús sem Lýðheilsustöð gaf út 2006. Starfsmenn sitja til borðs með börnunum, þeir leggja sig fram um að skapa ró og notalegt umhverfi fyrir börnin.</p> <p>Börnin fá hreyfingu úti tvisvar á dag. Einnig fá þau hreyfingu í hópastarfi og frjálsum leik. Börnin fara einu sinni í viku í gönguferð, stundum oftari. Eftir áramót fara þau nokkrum sinnum í litlum hópum í hreyfingu í sal hjá Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur.</p> <p>Öll börn leikskólans fara í hvíld, lengd hvíldarinnar fer eftir aldri barnanna og óskum foreldra. Hvíldartíminn er kyrrlát stund þar sem börnin hlusta á þögnina, tónlist eða sögur.</p> <p>Starfsmenn leikskólans aðstoða börnin við salernisferðir og alla aðrar athafnir sem þau þurfa hjálp við t.d. að klæða sig, að sitja og hlusta í samverustund og í daglegum samskiptum.</p>

<i>Markmið</i>	<i>Að leggja grunn að jákvæðri sjálfsmynd barna.</i>
Börn	<ul style="list-style-type: none"> • Horft er á styrkleika hvers barns og stutt við jákvæða eiginleika þess. • Litið er á fjölbreytileika sem kost sem nýtist skólasamfélaginu. • Börnin fá að tjá tilfinningar sínar s.s. gleði, reiði, ótta og sorg. • Börnin eru styrkt í að tjá sig í leik og skapandi starfi. • Börnin fá að velja sér viðfangsefni. • Börnin eru hvött til að mynda sér skoðanir, taka þátt í umræðum og fá æfingu í að tjá sig fyrir framan hóp. • Börnin eru studd til sjálfshjálpar og fá að taka þátt í daglegum störfum leikskólans s.s. að undirbúa máltíðir og ganga frá. • Börnin taka þátt í að skipuleggja og meta leikskólastarfið og finna með því að tekið er mark á viðhorfum þeirra og skoðunum. • Dagleg umönnun og samskipti endurspeglar virðingu fyrir börnunum. • Agi einkennist af jákvæðri styrkingu og daglegt skipulag leikskólans veitir festu og mörkin eru skýr.
Foreldrar	<ul style="list-style-type: none"> • Foreldrafundir eru reglulega í leikskólanum. • Boðið er upp á foreldraviðtöl að minnsta kosti tvisvar á ári. • Í foreldraviðtali setja foreldrar og kennari saman markmið fyrir áframhaldandi nám og þroska barnsins. • Gagnkvæmt upplýsingastreymi er á milli foreldra og kennara um líðan og nám sérhvers barns.
Kennarar	<ul style="list-style-type: none"> • Í leikskólanum eru fundir þar sem fjallað er um líðan og nám sérhvers barns. • Í foreldraviðtali setja foreldrar og kennari saman markmið fyrir áframhaldandi nám og þroska barnsins. • Í leikskólanum er starfþróunaráætlun sem stuðlar að aukinni þekkingu kennara á lífsleikninámi barna. • Í starfsmannahópnum ríkir jákvæðni og virðing.
Sérstakar áherslur leikskólans	<p>Lífsleikninám er rauður þráður í öllu starfi á leikskólanum. Þar læra börnin meðal annars að setja sig í spor annarra, sýna vinsemd og hjálpsæmi. Einnig læra þau að fara eftir ákveðnum agareglum til þess að okkur geti öllum liðið vel saman.</p> <p>Við leggjum áherslu á faglega umönnun sem á sér stað milli þeirra sem eru faglega tengdir og felur annars vegar í sér tengsl, skyldur, næmi og samlíðan og hins vegar hvöt, vilja og áhuga til að skilja hinn aðilann og veita honum umönnun. Samskipti og tengsl þess sem veitir umönnun og þess sem þiggur eru grundvallaratriði.</p> <p>Við höfum hópastarf þrjá daga í viku þar sem börnin eru hvött til að taka þátt í leikjum og umræðum. Einnig höfum við val þrisvar í viku þar sem börnin fá að velja sér viðfangsefni. Í samverustundum fá börnin þjálfun í því að tjá sig og koma fram fyrir hópinn. Á föstudögum hittast öll börnin og taka þátt í söng og leikjum. Mjög gott og markvisst samstarf er við grunnskólana í hverfinu (Vogaskóli og Langholtsskóli).</p>

<i>Markmið</i>	<i>Að styrkja félagsfærni barna.</i>
Börn	<ul style="list-style-type: none">• Aðlögun og dagleg samskipti.• Góð og traust samskipti á milli barna og fullorðinna höfð í forgrunni.• Menning leikskólans einkennist af vináttu, virðingu og umburðarlyndi.• Allir eru viðurkenndir óháð andlegu eða líkamlegu atgervi, kynferði, uppruna, menningu eða trú.• Börnin fá tækifæri til að vinna saman í litlum og stórum hópum að margvíslegum viðfangsefnum þar sem þau læra að taka tillit hvert til annars, setja sig í spor annarra, virða skoðanir og leysa deildur, hlusta hvert á annað, spyrja spurninga og leita svara.• Börnin læra að standa með sjálfum sér og að segja nei þegar það á við.• Lýðræðisleg og sammannleg gildi eru í hávegum höfð.• Leitast er við að tengja saman leik- og grunnskólagöngu barnanna.
Foreldrar	<ul style="list-style-type: none">• Við upphaf leikskólagöngu er aðlögunartími þar sem foreldrar kynnast starfsfólki og starfsháttum leikskólans.• Foreldrum er boðið að taka þátt í starfi leikskólans s.s. ýmsum viðburðum og starfsemi foreldrafélags þar sem þeir m.a. kynnast öðrum foreldrum og félögum barna sinna.• Foreldrar eru börnum sínum fyrirmynd í öllum samskiptum.
Kennarar	<ul style="list-style-type: none">• Í leikskólanum eru fundir þar sem fjallað er um líðan og nám sérhvers barns.• Í foreldraviðtali setja foreldrar og kennari saman markmið fyrir áframhaldandi nám og þroska barnsins.• Í leikskólanum er starfþróunaráætlun sem stuðlar að aukinni þekkingu kennara á lífsleikninámi barna.• Í starfsmannahópnum ríkir jákvæðni og virðing.• Kennarar eru börnum sínum fyrirmynd í öllum samskiptum.
Sérstakar áherslur leikskólans	<p>Aðlögun barnsins er sameiginlegt verkefni foreldra og kennara. Í fyrsta viðtali við foreldra barnsins eru fengnar upplýsingar um þroskasögu þess og ytri aðstæður ásamt því að starfshættir leikskólans eru kynntir.</p> <p>Við leggjum áherslu á traust og jákvæð tengsl milli barns og kennara í öruggu námsumhverfi. Öll samskipti og umönnun miðar að því að styrkja jákvæða sjálfsmynd barnsins og trú þess á eigin getu. Unnið er með tilfinningar, samhygð og vináttu í stórum og litlum hópum. Þetta er unnið í gegnum leikinn, lestur bóka, söngva, umræðu og félagsfærnisögur sem eru stuttar sögur sem lýsa aðstæðum sem erfitt getur verið að skilja. Með þessu lærir barnið að bera virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum, taka ábyrgð á eigin gjörðum, leysa úr ágreiningi og sýna umburðarlyndi.</p>

<i>Markmið</i>	<i>Að börn tileinki sér heilbrigða lífshætti.</i>
Börn	<ul style="list-style-type: none"> • Í leikskólanum er farið eftir viðmiðum Lýðheilsustöðvar um neysluvenjur. • Börnin fá daglega hreyfingu úti og inni og þeim er séð fyrir hvíld og rólegum tíma yfir daginn. • Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði barnanna og sjálfshjálp. • Lögð er áhersla á að börnin öðlist færni í samskiptum. • Lögð er áhersla á að börnin beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu • Hreinlæti og hreinlætisuppheldi er í hávegum haft. • Umferðarfræðsla í tengslum við vettvangsferðir og nánasta umhverfi • Umhverfismennt/vernd er liður í starfi leikskólans
Foreldrar	<ul style="list-style-type: none"> • Foreldrar eiga greiðan aðgang að matseðlum og fá eftir þörfum upplýsingar um mataræði barna sinna. • Foreldrar eru börnum sínum fyrirmynd í öllum lífsháttum.
Kennarar	<ul style="list-style-type: none"> • Starfsþróun kennara stuðlar að þekkingu og notkun viðurkenndra viðmiða um hollustu og hreinlæti. • Kennarar fá styrk til heilsuræktar. • Kennarar eru börnum til fyrirmynda í öllum lífsháttum. • Í leikskólanum er unnið samkvæmt hreinlætisáætlun Leikskólasviðs.
Sérstakar áherslur leikskólans	<p>Lögð er áhersla á að börnin borði hollan og fjölbreyttan mat. Á matseðlinum er miðað við að hafa sem mest af fersku hráefni og unnar fisk- eða kjötvörur eru í lágmarki. Grænmeti er haft með öllum máltíðum og ávextir í boði í ávaxtastundum.</p> <p>Leikskólinn á ýmis áhöld til leikfímiiðkunar og byggja hópastarf, frjáls leikur og val m.a. á ýmsum hreyfileikjum og jóga. Í útivist fá börnin gott rými til hreyfileikja og farið er í gönguferðir út fyrir leikskólann. Yfir vetrartímam höfum við afnot af stórum sal í Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur einu sinni í viku. Við nýtum okkur salinn til fjölbreyttra frjálsra hreyfileikja. Danskennslan er einu sinni í viku í sex skipti (á vorönn) í boði foreldrafélagsins og taka öll börn þátt í henni.</p> <p>Öll börn og kennarar leikskólans taka sér hvíld eftir hádegismat. Yngstu börnin sofa en þau eldri eiga rólega stund og ná slökun í amstri dagsins.</p> <p>Með heilbrigðum hreinlætisvenjum læra börnin líkamsumhirðu og efla líkamsvitund. Þau upplifa að það er gott að vera hreinn og að með því að hugsa vel um líkamann berum við um leið virðingu fyrir honum.</p> <p>Á leiksvæðum barnanna gilda ákveðnar reglur um frágang og umgengni sem börn og fullorðnir bera sameiginlega ábyrgð á. Börnin hjálpast að við að ganga frá leikefni sem þau eru hætt að nota en við sýnum sveigjanleika þegar leikurinn þarf að fá að halda áfram síðar. Á eldri deildum taka börnin þátt í undirbúningi fyrir máltíðir og frágang á eftir.</p>